

**2. gr.**

Greiðsluskylda neytenda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans og er þá tillit tekið til þess hvort um er að ræða einstakling eða hjón og sambýlisfólk. Greiðsluskylda fer að eftirfarandi gjaldstiga:

	Einstaklingur	Hjón og sambýlisfólk
1. taxti .....	undir kr. — 88 630	undir kr. —144 200
2. taxti .....	kr. 88 631—137.430	kr. 144 201—192 270
3. taxti .....	— 137 431—171 780	— 192 271—240 340
4. taxti .....	— 171 780 og meira	— 240 341 og meira.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari ef um sérstakar ástæður er að ræða.

**3. gr.**

Verði breytingar á launum starfsfólks eða lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins ber félagsmálaráði að breyta gjaldstiga þessum til samræmis við þær, en tilkynna slíkt bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti.

Þjónusta innt af hendi eftir 1. desember 1977 skal greidd skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1978.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971 um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.**

**1. gr.**

5. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattskyldar eru skv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.115% (0.115 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði .....	Minnst 27.65, en mest 37.10 kr. á m <sup>3</sup>
Vörugeymslur .....	Minnst 20.80, en mest 43.30 kr. á m <sup>3</sup>
Aðrar byggingar .....	Minnst 27.65, en mest 43.30 kr. á m <sup>3</sup>

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 3 760.00 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera kr. 21.30 á hvern rúmmeter vatns.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 428 9. des. 1977.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1978.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

27. janúar 1978.

Nr. 36.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er 8400 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 700 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1978. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 33 18. janúar 1977.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. janúar 1978.*

Ólafur Jóhannesson.

*Ólafur W. Stefánsson.*

23. janúar 1978.

Nr. 37.

## AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1975—1995.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 23. janúar 1978 staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Húsavík 1975—1995.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Húsavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur fyrir Húsavík, sem ráðuneytið staðfesti hinn 13. desember 1968, svo og viðbótarskipulagsuppdráttur staðfestur af ráðuneytinu 8. júní 1971.

*Félagsmélaráðuneytið, 23. janúar 1978.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Jón Sigurpálsson.*